



Til formanna og framkvæmdastjóra
sérsambanda og héraðssambanda/íþróttabandalaga ÍSí

Reykjavík, 11. nóvember 2022

Efni: Formannafundur ÍSí 2022 – seinna fundarboð

Ágætu félagar,

Með vísan í bréf dags. 8. nóvember sl. og í samræmi við 15. grein laga ÍSí er hér með boðað til Formannafundar ÍSí **föstudaginn 25. nóvember nk. kl. 15:30**, síðara fundarboð. Fundurinn verður haldinn í Fákshéimilinu í Víðidal. Meðfylgjandi er dagskrá fundarins.

Á undan fundinum verður boðið upp á kynningu á nýútgefinni viðbragðsáætlun fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf og einnig verður kynning á verkefni ÍSí um góða stjórnunarhætti. Þessar kynningar verða einnig í Fákshéimilinu og hefjast 13:30. ÍSí býður til kvöldverðar í Fákshéimilinu eftir fundinn.

Það er von okkar að sem flestir formenn og framkvæmdastjórar sjái sér fært að sitja fundinn og þiggja kvöldverð. Einnig er æskilegt að sem flestir sambandsaðilar geti sent fulltrúa sinn á kynningarnar sem á undan verða.

Vinsamlegast skráið mætingu á fundinn og í matinn á eftirfarandi vefslóð:
<https://www.isi.is/um-isi/formannafundir/skraning-a-formannafund/>

Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Lárus L. Blöndal
forseti

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri

